

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1594/1999****2001/EES/46/30****frá 20. júlí 1999****um breytingu á skilyrðum varðandi leyfisveitingu fyrir aukefni í fóðri<sup>(\*)</sup>**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1411/1999 <sup>(2)</sup>, einkum 3. gr. og 9. gr. j,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt þriðja undirlið annars undirliðar í 4. undirlið 1. undirliðar í E-lið VII. liðar í XV. viðauka við lögum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar er Svíþjóð heimilt að viðhalda, til 31. desember 1997, löggjöf sinni sem takmarkar notkun maurasýru (E 236) sem aukefnis í fóðri.
- 2) Í samræmi við ákvæði XV. viðauka við fyrrnefnd lög átti ítarlegur vísindalegur rökstuðningur að fylgja beiðni Svíþjóðar um aðlögun á löggjöf bandalagsins með tilliti til fyrrnefnds aukefnis.
- 3) Svíþjóð sendi rökstuðning sinn 27. júní og 9. desember 1997.
- 4) Framkvæmdastjórninni ber að taka afstöðu til beiðni Svíþjóðar um aðlögun með tilliti til maurasýru.
- 5) Svo virðist að setja beri frekari skilyrði fyrir heimild fyrir þessu rotvarnarefni.

6) Upplýsa ber notendur maurasýru um að óheimilt er að nota hana, eina sér eða í blöndu með öðrum sýrum, þar sem hún er meira en helmingur blöndunnar, sem loftháða sýrurotvörn fyrir rakt, óunnið korn, sakir þess að við sérstök skilyrði getur innihald aflatoxíns orðið mikið.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað skilyrðanna fyrir því að heimila aukefnið E 236 (maurasýru), sem er flokkað sem rotvarnarefni, komi skilyrðin sem sett eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð í samræmi við ákvæði tilskipunar 70/524/EBE.

*2. gr.*

Þrátt fyrir 1. gr. má maurasýra, sem er sett í dreifingu fyrir 1. september 1999 en stenst ekki ákvæði þessarar reglugerðar með tilliti til merkinga, vera áfram í dreifingu til 31. desember 1999.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1999.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júlí 1999.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 188, 21.7.1999, bls. 35, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2000 frá 2. október 2000 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 59, 14.12.2000, bls. 1.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 164, 30.6.1999, bls. 56.

## VIÐAUKI

EB-númer	Aukefni	Efniformúla og lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald		Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Gildistími leyfis
					mg/kg heilföðurs				
„E 236	Maurasýra	CH <sub>2</sub> O <sub>2</sub>	Allar tegundir eða flokkar dýra	—	—	—	—	Efturfarandi komi fram í notkunarlaiðbeiningum: „Óheimilt er að nota maurasýru, eina sér eða í blöndu með öðrum sýrum, þar sem hún er yfir 50% miðað við þyngd blöndunnar, sem loftháða sýrurotvörn fyrir óunnið korn með rakainnihald sem er yfir 15%“	Ótakmarkaður“